

Original Snickerifärg Blank Akrýllakk 70%

Efnislýsing

Original Snickerifärg Blank er gelað, vatnsþynnanlegt, gljáandi og mjög vel þekjandi akrýllakk sem er auðvelt í notkun og hentugt til málunar innanhúss, t.d. á hurðum, gluggum og listum. Lakkið hentar einnig til málunar á járni og stáli innanhúss. Það rennur einkar vel út, þekur vel og myndar slitsterkt lag sem auðvelt er að þrifa. Original Snickerifärg Blank þolir ágætlega sterk hreinsiefni og gulnar ekki með tímanum.

Meðhöndlun

Best er að bera Original Snickerifärg Blank lakkið ríkulega á flötinn, láta það renna vel út og fylla í ójöfnur á undirlagi. Með því fæst sléttari flötur.

Nýmálun

1. Þegar ómeðhöndlaður viður er málaður skal einangra kvisti með Original Kvistlack eða Sikkens Rubbol BL Isoprimer, sem er einangrandi grunnur fyrir ómálaðan við.
2. Grunnið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
3. Spartið eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk.
4. Grunnið yfir spartið, t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
5. Málið tvær umferðir af Original Snickerifärg Blank.

Endurmálun

1. Fjarlægjið fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Málartvätt og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun.
3. Grunnið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Sikkens BL Primer.
4. Spartið flötinn ef þörf er á og grunnið.
5. Málið tvær umferðir af Original Snickerifärg Blank.

Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og milliumferðir) þorna yfir nótt áður en lokaumferðin af Original Snickerifärg Blank lakkinu er borið á.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: 70%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 2 klst.

Yfirmálun: 12 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra dósir

Stofnar: BW, BM og BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 130 g/l.):

Inniheldur mest 115 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.